

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Grenndarstöð við Dælustöðvarveg, deiliskipulagsbreyting – Íb315.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að koma fyrir grenndarstöð í samræmi við áætlun um fjölgun grenndarstöðva og innleiðingu hringrásarhagkerfisins.

Fellshlið, Helgafellshverfi, nýtt deiliskipulag – Íb302.

Nýtt deiliskipulag hefur hlotið málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í deiliskipulaginu er skilgreindur byggingarreitur fyrir núverandi einbýlishús sem og þrír byggingarreitir fyrir; lítið parhús, gestahús og bílskúr/geymslu. Innfærð er grenndarkynnt stækkun á núverandi íbúðarhúsi. Heildar byggingarmagn innan lóðarinnar verður allt að 390 m² og nýtingarhlutfall lóðar 0,12.

Íþróttasvæði við Varmá, deiliskipulagsbreyting – Oí112.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 43. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér tilfærslu og hönnun nýs gervigrasvallar auk girðinga, lýsingar, ljósamastra og markatöflu. Samhliða hliðrun vallar eru gerðar breytingar á byggingarreit stúku sem færir samsíða til suðausturs. Innfærðar eru áætlanir um nýtt tartan frjálsíþróttasvæði og hlaupabraut. Byggingarheimildir þjónustubyggingar eru einnig hækkaðar upp í 1.800 m².

Tröllateigur 55, deiliskipulagsbreyting – Íb308.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að stækka byggingarreit til vesturs að lóðamörkum.

Ofangreindar skipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 2. febrúar 2026.

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 16. febrúar 2026